**Íbúafundur Lækjarskóla 03.06.2013**

- Göngustígur upp að Hvaleyrarholti, er hann á áætlun? Helga: Persónulega Frístundastí upp að vatni. Fæst fjármagn frá Vegagerðinni
- Guðni Gíslason: það vantar samfellu í stíga og merkingar við þá. Reiðstígar og göngustígar ekki alltaf aðgreindir.
- Sigurður: Það þarf að setja hraðahindrun í Klettahlíð milli Fjóluhlíðar 3 og 5.
- Við norðurenda leikskólans á Hörðuvöllum er stór flötur þar sem foreldrar leggja upp á. Var vitni að því að bíl var bakkað á annan bíl. Er hægt að fá bæinn til að setja stór steinsteypt blómaker til að setja þarna upp á?.
- Umgengni í Gunnarssundi slæm.

**Íbúafundur Hvaleyrarskóla 04.06.13.**

- Gunnar: Ábending varðandi ljósin á Suðurbraut/Strandgata. Vandamálið að það eru ekki beygjuljós fyrir beygju til vinstri. Réttur gangandi fólks er ekki virtur þarna. Það þarf að setja beygjuljós eða gera fólki betur fært að ganga yfir. Ekki hægt að fara yfir nema mun ofar.
- Ámundi Ámundason: aðkoma að Hvaleyrarvatni, öryggisleysi gangandi og hjólandi, mjór vegur með bílaumferð. Það þarf að gera göngu- og hjólastíg meðfram reiðleið. Vantar grisjun í Sléttuhlið. Þarf að fara áfram með göngustíga upp í Kaldársel. Rykbinda göngustígana.
- Hallur Helgason: ) Það er umferðareyja niður við Dröfn með gráum kantiÍ slagveðri og slabbi á veturna sést hún illa og þá eru menn að þruma á eyjuna. Væri hægt að gulmála kantinn og gera meira áberandi.
- Steinþór Einarsson sýndi mynd sem Kári arkitekt gerði af Gróðrarstöðinni á Þorlákstúni fullfrágenginni. Er búinn að pússa að innan og er að fara í að skipta um járn og er með tilbúið gler í gluggana.

**Íbúafundur Áslandsskóla 05.06.13.**

- Pétur Pétursson Kvistavöllum: Er seinkun á að fjarlægja raflínurnar ásættanleg? Surgar í þeim í rigningu. BJ skýrði forsendur og samninga við Landsnet.
- Inga Birna Blómvöllum spurði um unglingaskóla.
- Halla Hlíðarási, koma leiksvæðin samhliða gangstéttum? Svar: Leiksvæðin koma næsta ár.
- Jóhanna spyr um Áslandsskóla. Bæjarstjóri: Byggja á síðari hluta skólans, en ekki klárt, en helst ekki lausar kennslustofur.
- Elfa Sif Glitvöllum spyr um skóla í Skarðshlíð. – Bæjarstjóri: Opnar næsta haust.
- Talað um að á Ásfjalli séu minjar, þarf að merkja göngustíga upp á það, annars er gengið alls staðar og átroðningur eyðir mosa og ööðrum gróðri. Það vantar líka tengingu milli Ásfjalls og Hvaleyrarvatns.
- Bolli Eyþórsson spurði um hálfbyggðu húsin í hverfinu, hvers vegna bærinn gerði ekki meira í því. BJ útskýrði hvað við höfum í höndunum og þrautagöngu okkar í því efni.
- Reynir á Völlum: Frágangur á umferðareyjum á Ásbraut við Velli og milli Ásbrautar og Eskivalla/Einivalla. Vantar gróður í þær.

**Íbúafundur Víðistaðaskóla 06.06.13.**

- Spurt hvenær hringtorg komi á mótum Reykjavíkurvegar og Flatahrauns. Erfitt að komast af lóðunum við Reykjavíkurveg 50 og 52, Flatahrauni 1 út í gatnakerfið.

- Reykjavíkurvegur 52, er olíudælan í löglegri fjarlægð frá húsunum? Eiga þeir ekki að slökkva á bílum meðan dælt er?
- Heitir pottar og trampolín. Eftir klukkan hvað má hringja í lögreglu ef að frá hávaði frá þessu?
  Svar: Kl. 11 skv. lögreglusamþykkt.
- Eru reglur um staðsetningu heitra potta og trampolína (nálægð við næstu hús)? Svar: Leyfisskyldir. Reglur aðeins að þeir eigi að vera með læsanlegu loki.
- Gróðurhús. Hvað þurfa þau að vera langt frá næsta húsi? Svar: 180 cm.
- Ljósastaur í miðri gangstéttinni hjá Graníthúsinu.
- Hjólabrettagarði skellt við íþróttahús Víðistaðaskóla án þess að spyrja íbúa. Svar: Þetta er inni á skólalóð og þarf ekki að grenndarkynna. Tilraunaverkefni að setja hjólabrettagarð í Björgunarsveitarhúsið.